

## REGLUGERÐ

### um réttindi sjúkrasamlagsmanna, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnnum sjúkdómum.

#### 1. gr.

Hver sá, er verður tryggingarskyldur eða leitar tryggingar í sjúkrasamlagi skal leggja fram læknisvottorð, er sýni:

1. Hvort hann er haldinn alvarlegum, langvinnnum, virkum sjúkdómi og þá hverjum.
2. Hvort hann hefir notið sjúkrahúss- eða hælsvistar vegna alvarlegs, langvinnns sjúkdóms og þá hvers.

Um gerð læknisvottorðsins fer eftir fyrirmælum Tryggingarstofnunar ríkisins.

#### 2. gr.

Alvarlegir, langvinnir (kroniskir) sjúkdómar eru fyrst og fremst þeir sjúkdómar, sem sérstaklega eru nefndir í l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuþla (berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómur, fávitaháttur, geðveiki og eiturlyfjanautn), svo og aðrir sjúkdómar, sem að jafnaði haga sér þannig, að sjúklingarnir þarfnast sífelldrar eða margendurtekinnar sjúkrahúss- eða hælsvistar eða stöðugar meiri háttar læknisþjónustu.

Virkir (aktiv) sjúkdómar eru þeir sjúkdómar, sem ekki liggja niðri, en sjúklingarnir eru enn veikir af.

Sjúkdómar, óviðkomandi öðrum sjúkdómi eru þeir sjúkdómar, sem ekki eru afleiðingar þess sjúkdóms.

Tryggingarstofnun ríkisins gefur út nánari leiðbeiningar fyrir lækna og sjúkrasamlög um ákvæði þessarar greinar og úrskurðar um öll vafaatriði.

#### 3. gr.

Sjúkrasamlagsmeðlimur telst hafa notið sjúkrahúss- eða hælsvistar vegna alvarlegs, langvarandi sjúkdóms ef hann hefir dvalið á sjúkrahúsi eða hæli vegna slíks sjúkdóms, enda hafi liðið 3 mánuðir frá því hann útskrifaðist af sjúkrahúsinu eða hælinu, þangað til hann þarfnast á ný slíkrar vistar, nema fyrsta legan hafi tekið 26 vikur eða meira.

#### 4. gr.

Heimilt er sjúkrasamlagi að krefjast vottorðs samkvæmt 1. gr. 2. tölulið (sbr. 3. gr.) af þeim sjúkrasamlagsmeðlimum, er þarfnast sjúkrahúss- eða hælsvistar vegna alvarlegs, langvinnns sjúkdóms.

#### 5. gr.

Sjúkrasamlagsmeðlimur, sem veikist af alvarlegum, langvinnnum sjúkdómi, nýtur hlunninda vegna þess sjúkdóms eins og hvers annars sjúkdóms, nema hann hafi áður notið sjúkrahúss- eða hælsvistar vegna sjúkdómsins.

Sjúkrasamlagsmeðlimur, sem haldinn er alvarlegum, langvinnnum sjúkdómi, og einnig þó um virkan sjúkdóm sé að ræða, nýtur fullra hlunninda vegna allra annara óviðkomandi sjúkdóma, svo og almennrar læknishjálpar og nauðsynlegra lyfja í heimahúsum, vegna hins alvarlega, langvinna sjúkdóms.

## 6. gr.

Menn 67 ára og eldri eiga rétt á tryggingu í sjúkrasamlagi með sömu skilyrðum og aðrir og njóta sömu réttinda og aðrir. Gamalmenni njóta ekki á kostnað sjúkrasamlags hælís- eða sjúkrahússvistar vegna ellikramar.

13

20. jan.

## 7. gr.

Börn samlagsmanna yngri en 16 ára, njóta sömu réttinda og aðrir, hvað snertir sjúkrahússvist og læknishjálp, enda háð sömu skilyrðum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 23. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar. Öðlast hún gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1938.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

14

27. jan.

um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

## SAMÞYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar.

## 1. gr.

Öll veitingahús og veitinga- eða greiðasölustofur skulu fullnægja ákvörðun heilbrigðisnefndar um hreinlæti og aðbúnað og reglum bæjarstjórnar um húsnæði. Ef út af bregður getur lögreglustjóri lokað veitingahúsi eða veitinga- eða greiðasölustofu.

## 2. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að heimta þann umbúnað og frágang dýra og hurða samkomu- og veitingahúsa, sem hún telur henta

## 3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. janúar 1938.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*